

**Ed.** **364. Frumvarp til laga** [147. mál]  
um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 288 með þessari breytingu:  
Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Verði greiðslan frá áramótum ekki lægri en skv. lögum þeim sem taka gildi 1. jan. 1981. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981. Einnig skal greiða þeim konum, sem ekki áttu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og hafa alið barn eftir 1. okt. 1980, fæðingarorlof frá 1. janúar 1981 að frádregnu tímabilinu frá fæðingu barnsins til 31. des. 1980.